

Mánudaginn 22. febrúar 1971.

Nr. 137/1970. **Páll Skúli Halldórsson**
Guðrún Guðmundsdóttir
Ágústa Pálsdóttir og
Haraldur Örn Pálsson

(Magnús Thorlacius hrl.)

gegn

Arnold Henckell
Maríu Henckell og
Hildi Henckell

(Logi Guðbrandsson hrl.).

Dómendur:

hæstaréttardómaramirnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson, Gizur Bergsteinsson og Magnús P. Torfason og prófessor Ármann Snævarr.

Málskot. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 7. júlí 1970, að fengnu áfrýjunarleyfi 25. júní s. á. Krefjast þeir þess, að hinn áfrýjaði úrskurður skiptadóms Reykjavíkur „verði staðfestur með þeirri breytingu“, að stefndu verði dæmt að greiða óskipt málskostnað í héraði, kr. 15.000.00. Þá krefjast þeir og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast aðallega frávísunar málsins frá Hæstarétti, en til vara staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar. Krefjast þeir málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr höndum áfrýjenda.

Fyrir skiptadómi urðu aðiljar ásáttir um niðurstöðu hins efnislega sakarefnis, en eigi um málskostnað. Varðar úrskurður skiptadóms því einungis það atriði. Var ákvæði 3. mgr. 13. gr. laga nr. 57/1962 eftir grunnrökum sínum því eigi til fyrirstöðu, að málskostnaðaratriðið væri borið undir Hæstarétt með kæru samkvæmt 2. tl. 21. gr. laga nr. 57/1962, en lagaheimild þrast til áfrýjunar þess. Ber því að

vísa málinu frá Hæstarétti og dæma áfrýjendur til að greiða stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 8.000.00.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Áfrýjendur, Páll Skúli Halldórsson, Guðrún Guðmundsdóttir, Ágústa Pálsdóttir og Haraldur Örn Páls-son, greiði stefndu, Arnold Henckell, Maríu Henckell og Hildi Henckell, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 8.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður skiptadóms Reykjavíkur 18. marz 1970.

Mál þetta var tekið til úrskurðar um málskostnaðarkröfur sóknar- og varnaraðilja hinn 2. nóvember s.l. Tildrög þess eru sem hér greinir:

Með bréfi, dags. 13. nóvember s.l., sneri lögmaður sóknaraðilja, Páls Skúla Halldórssonar, Guðrúnar Guðmundsdóttur, Ágústu Pálsdóttur og Haralds Arnar Pálssonar, allra til heimilis að Barmahlíð 12 hér í borg, sér til skiptaréttarins með beiðni um, að bú hlutafélagsins Halldórsson & Henckell hér í borg yrði tekið til skipta vegna félagsslita. Fyrst var þingað í málinu 23. desember s.l., og lagði umboðsmaður sóknaraðilja fram greinargerð ásamt aðiljaskýrslu og ýmsum öðrum fylgiskjölum. Í greinargerð sinni endurtók hann kröfu um skipti á búi h/f Halldórsson & Henckell og krafðist málskostnaðar að skaðlausu úr hendi varnaraðilja að óskiptri ábyrgð þeirra.

Umboðsmaður varnaraðilja, Arnolds Henckells, Maríu Henckells og Hildar Henckells, allra til heimilis að Hraunteigi 20 hér í borg, fékk frest í málinu til 15. janúar og áskildi sér allra rétt til mótmæla í sambandi við hina umbeðnu skiptagerð. Hinn 15. janúar fékk hann frestinn framlengdan til 21. s. m., en í þinghaldi þann dag mótmælti umboðsmaður sóknaraðilja beiðni hans um viku framhaldsfrest til greinargerðar. Var ágreiningurinn tekinn til úrskurðar. Úrskurður féll 28. janúar, og var frestbeiðninni synjað. Næst var þingað í málinu 2. febrúar. Kom þá fram greinargerð af hálfu varnaraðilja. Gerði hann þar að kröfu sinni, að bú hlutafélagsins Halldórsson & Henckell yrði tekið til opin-

berra skipta, en að sóknaraðiljum yrði gert að greiða umbjóðendum hans málskostnað að skaðlausu að óskiptri ábyrgð þeirra.

Málsaðiljar eiga samanlagt allt hlutafé í h/f Halldórsson & Henckell. Þar eð það voru nú sameiginlegar kröfur þeirra allra, að bú félagsins yrði tekið til opinberrar skiptameðferðar til félagsslita, féll dómsmál þetta af sjálfsdáðum niður, að því er efnisatriði þess varðar, en málsaðiljar héldu hver um sig fast við málskostnaðarkröfur sínar.

H/f Halldórsson & Henckell var stofnað 11. október 1963 að frumkvæði málsaðiljanna Páls Skúla Halldórssonar og Arnolds Henckells. Þeir virðast frá upphafi hafa verið mestir ráðamenn félagsins, enda báðir í stjórn þess og fastir starfsmenn við rekstur fyrirtækisins, sem var innflutningsverzlun og önnur stórsala.

Á árinu 1968 kom til ágreinings um ýmis atriði, er vörðuðu rekstur fyrirtækisins, og endaði með því, að starfsemi þess var hætt í lok ársins. Var eignum félagsins þá að einhverju leyti skipt, en nokkrar hreitur voru þó eftir af eignum fyrirtækisins, sem þurfti að annast, svo sem vöruleifar og óinnheimtar kröfur. Virðist Arnold Henckell hafa séð um þetta að mestu.

Ekki var hafizt handa um formleg slit hlutafélagsins, þótt ákveðið væri að hætta starfsemi þess. Ágreiningur hélt áfram að gera vart við sig um þá starfsemi, sem enn var í gangi. Kom til mikilla árekstra á stjórnarfundum í félaginu 12. september s.l., og leystist sá fundur upp. Stjórnendur höfðu þó á þeim fundi komið sér saman um að boða til aðalfundar í félaginu 22. sama mánaðar. Sá fundur varð ekki ályktunarfær sökum ónógrar fundarsóknar. Á sömu lund fór aðalfundur, sem boðað var til 9. október. Í báðum tilvikum virðist enginn hafa mætt af hálfu stefndu í máli þessu á fundunum. Loks var boðað til aðalfundar 23. október s.l. Á þeim fundi mættu hluthafar eða umboðsmenn þeirra fyrir alla hlutafjáreign í félaginu. Fundarstjóri sleit þeim fundi, áður en eiginleg fundarstörf höfust, á þeirri forsendu, að ekki hefði verið löglega til hans boðað. Hinn 13. nóvember s.l. sneri svo umboðsmaður sóknaraðilja sér til skiptaréttarins með beiðni um að taka bú félagsins til opinberra skipta, svo sem áður greinir, og er saga málsins upp frá því rakinn hér að framan.

Af skjölum málsins verður það ráðið, að samkomulag í h/f Halldórsson & Henckell var orðið með þeim hætti, að ekki tókst að ræða það málefnið á hluthafafundum. Verður því að telja, að ástæða hafi verið til þess, að sóknaraðiljar leituðu til skiptaréttarins með beiðni um skipti á búi félagsins til félagsslita.

Þetta er raunar viðurkennt af hálfu varnaraðilja, sem einnig hafa gert kröfu sóknaraðilja um þetta atriði að sinni kröfu. Verður ekki talið, að sóknaraðiljar hafi fellt á sig málskostnað, þótt þeir legðu skiptabeiðni sína fyrir í upphafi sem mál til dómsúrskurðar, enda var afstaða varnaraðilja til skiptakröfunnar þá óljós.

Varnaraðiljar hafa tvívegis fengið frest í málinu til þess að koma fram með greinargerð. Þeir hafa einnig látið ganga úrskurð um þriðju frestbeiðni sína í sama skyni. Að því loknu gengu þeir inn á dómkröfur sóknaraðilja að efni til. Þessi afstaða hefur að vísu orðið til nokkurs trafala í sambandi við meðferð skiptamálsins, en ekki þykir þó ástæða til að gera varnaraðiljum að greiða málskostnað til sóknaraðilja af þeim sökum.

Fellur því málskostnaður niður.

Unnsteinn Beck borgarfégeti kvað upp úrskurð þenna. Uppsaga hans hefur dregið nokkuð vegna mikilla embættisanna dómars.

Því úrskurðast:

Kröfur málsaðilja um málskostnað eru ekki teknar til greina, og fellur því málskostnaður niður.

Mánudaginn 1. marz 1971.

Nr. 205/1970. **Valgeir Vilhelmsson**
 gegn
Sigurgeiri Sigurjónssyni.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Afrýjandi, Valgeir Vilhelmsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, Sigurgeiri Sigurjónssyni, sem